

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	23/5 2019
Málsnr:	1905329
Bréfal:	105

Reykjavík 05-05-2019



Kæri viðtakandi

Við biðjum þig vinsamlegast að íhuga möguleikann á að styrkja Pólska Skólann í Reykjavík.

Pólski Skólinn í Reykjavík var stofnaður árið 2008. Í upphafi voru 60 nemendur við nám í skólanum. Skólinn hefur staekkað hratt frá því hann var stofnaður og núna er nemendafjöldinn um 357. Markmiðið Skólans er að pólsk börn sem búa á Íslandi fái kennslu í móðurmáli sínu, pólskri sögu, landafræði Póllands og menningu. Það er Vinafélag Pólska skólans sem rekur skólann en í félaginu eru foreldrar barna sem stunda nám við skólann og kennarar skólans. Kennt er á laugardögum í Fellaskóla. Nemendur sem sækja Pólska skólann búa í eftirfarandi sveitarfélögum: Akranes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík, Garðabær, Hafnarfjörður, Keflavík, Reykjanesbær, Grindavík.

Árið 2018 fagnaði skólinn 10 ára afmæli sínu. Hátiðina sóttu m.a. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Forsetafrú Íslands, Eliza Reid. Við höfum fengið viðurkenningu frá Reykjavíkurborg fyrir starðið okkar. Fjármögnun skólans er byggð á gjöldum sem foreldrar / forráðamenn greiða. Að öðru leyti hefur skólinn leitað til pólska sendiráðsins og velunnara, þar með talið pólskra stofnana, um stuðning. Slíkir velunnarar láta til dæmis af hendi kennslubækur á pólsku og aðra hluti sem gagnast við kennsluna.

Á þessu skólaári eru margir nemendur okkar að klára menntun sína í pólska skólanum í Reykjavík. Að því tilefni viljum við gefa útskriftarnemum verðlaun, auk þess að safna fé til kaupa á kennslubókum og kennsluefni. Því erum við að snúa okkur til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga með vinsamlegri beiðni um að styrkja verkefnið okkar í formi fjármagns eða hlutum sem gætu verið góðar útskriftargjafir fyrir nemendur okkar.

Í skiptum fyrir stuðning, getum við boðið þér viðurkenningu á framlagi þínu, birtingu á logói fyrirtækis og kynningu á opinberri vefsíðu skólans og umfram allt ómetanlega gleði og bros nemenda okkar.

Við trúum því að stuðningur þinn muni hjálpa okkur að ná fram skilgreindum markmiðum og framkvæma fyrirhuguð verkefni og muni vera framlag til þróunar og menntunar næstu kynslóða Pólderja á Íslandi.

Virðingarfyllst

Vinafélag Pólska Skólans